HAFNARFJÖRÐUR

Húsreglur fyrir leiguíbúðir Hafnarfjarðarbæjar

1.gr. Íbúum er skylt að ganga þrifalega og hljóðlega um sameiginlegt húsrými og lóð. Börn skulu ekki hafa sameiginlegt rými að leikvangi. Íbúum ber ætíð að hafa í huga að valda öðrum íbúum sem minnstu ónæði. Allar athafnir og samskipti íbúa sem valdið geta óþægindum eru brot á húsreglum þessum. Frá kl. 24:00 til 07:00 má enga háreysti hafa er raskað gæti svefnfriði manna í öðrum íbúðum.

2.gr. Útidyr skulu jafnan vera læstar, svo og allar hurðir að sameiginlegu rými.

3.gr. Óheimilt er að geyma muni, reiðhjól, barnavagna og -kerrur, fótabúnað eða annað það, sem veldur þrengslum, óþrifum eða óprýði í sameigninni. Reiðhjól, barnakerrur og -vagna skal geyma í sérstakri geymslu. Bannað er að geyma vélhjól í húsinu. Ekki má skilja neitt eftir fyrir utan útihurðir eða á gangstéttum við húsið sem truflar eðlilega umferð.

4.gr. Sameiginleg bílastæði eru eingöngu ætluð fyrir nothæfa bíla og verða númerslausir bílar, kerrur, tjaldvagnar og hjól- eða fellihýsi fjarlægð af bílastæðunum.

5.gr. Ekki má hengja þvott á svalir ofan svalahandriðs. Óheimilt er að geyma á svölum hússins nokkuð, sem valdið getur óþægindum eða spillt getur útliti. Bannað er að hreinsa á svölum gólfteppi eða dregla.

6.gr. Allt dýrahald er stranglega bannað í leiguíbúðum Hafnarfjarðarbæjar.

7.gr. Bannað er að aðhafast nokkuð eða hafa til geymslu eitthvað sem óþrifnaður eða óþefur er af. Þá er jafnframt óheimilt að geyma eldfim efni eða sprengiefni í húsinu. Sorp skal sett í umbúðir og vandlega lokað fyrir svo ekkert losni úr þeim á leið niður sorprásina. Allt endurvinnanlegt sorp skal sett í endurvinnslustöðvar Sorpu.

8.gr. Íbúar skipta með sér að jöfnu afnotum af sameiginlegu þvottahúsi, þar sem það á við, samkvæmt reglum sem um það hafa verið settar.

9.gr. Leigjendur eru ábyrgir fyrir sameiginlegum skyldum sínum við þrif á sameign, þar sem það á við.

10.gr. Reykingar eru bannaðar í sameign hússins.

11.gr. Öll atvinnustarfsemi er óheimil í íbúðum í eigu Hafnarfjarðarbæjar, á lóð þeirra og í sameign.

12.gr. Gangi húsreglur í viðkomandi húsfélagi lengra en þessar ber leigutaka að virða þær.

Brot á reglum þessum geta valdið riftun á húsaleigusamningi.

Hafnarfirði, dags.

_____

Ég undirrituð/aður staðfesti með undirskrift minni
að ég hef kynnt mér húsreglurnar hér að ofan.

Samþykkt af Húsnæðisteymi 11.01.2013